

Kennsluáætlun skólaárið 2019 - 2020

Enska í 5. bekk

Í ensku eru 1 kennslustund á viku í 4. bekk. Kennarar eru Eygló Aðalsteinsdóttir og Anna Marín Þórarinsdóttir.

Samkennsla er í 4. og 5. bekk.

Vinnulag

Áhersla er lögð á talmálið og vinna með málið í samhengi. Nemendur hlusta á einfalda texta frá kennara, spjalla um þá og skoða orðaforðann. Þeir vinna síðan tengd verkefni, t.d. að para orð við myndir, finna orða í texta og svara spurningum. Nemendur eru hvattir til að vinna í þörum eða hópum þannig að þeir spjalli áfram um efnið og styðji hver annan. Nemendur vinna einnig frjálst og á eigin hraða í ýmsu aukaefni.

Meginviðfangsefni vetrarins eru: Valdar sögur úr Easy True Stories, valin viðfangsefni og orðaforði úr Speak Out s.s. tölur, litir, fatnaður, matur, líkamshlutar, dagar, mánuðir o.fl. Fleiri verkefni og spil frá kennara ásamt einföldum verkefnabókum til að vinna í frjálst.

Á vorönn munu nemendur spreya sig á ritun í tölvum og þeir sem lengra eru komnir prófa að lesa einfaldar léttlestrarbækur og leysa verkefni með þeim.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Kennari les smásögur fyrir nemendur, ræðir viðfangsefni þeirra, orð og orðasambönd	Easy True Stories	Nemandi getur: - skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt. - fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi. - hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum og brugðist við með orðum eða athöfnum. - lesið sér til gagns stutta og auðlesna texta með grunnorðaforða.	Verkefni er tilheyra sögum • para orð og myndir • finna orð í texta • svara spurningum
Unnið með orðaforða eða þemu s.s. tölur, litir,	Speak Out og spil / bingó		Verkefni eða krossgátur

fatnaður, líkamspartar, matur, dagar, mánuðir, jólin		- fundið afmarkaðar upplýsingar í auðlesnum texta og nýtt sér í verkefnavinnu. - ritað rétt algeng og einföld orð sem búið er að vinna með. - lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi. - svarað spurningum og skrifað stutta texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við hverju sinni. - tjáð sig um það sem viðkemur lífi hans á skiljanlegu máli. - svarað spurningum og tekið þátt í samræðum um efnið sem unnið er með hverju sinni. - endursagt sögu eða texta með stuðningi t.d. mynda. - unnið vel og farið eftir fyrirmælum - unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra - nýtt sér viðeigandi hjálpargögn.	.
--	--	--	---

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Hæfni nemenda er metin ýmist með formlegum verkefnum sem metin eru beint en einnig metur kennari almenna hæfni nemenda eins og hún birtist í frammistöðu þeirra í kennslutímum. Kennari færir árangur inn á hæfnikort nemenda a.m.k. tvisvar á önn, árangur í þeim þáttum sem búið er að vinna með. Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Eygló og Anna Marín